

---

Landsnet – Ísingarálag á láglandi austanlands síðar í dag  
og fram á morgundaginn.  
12.12. 2017 kl. 11:00

**Almennt yfirlit**

Samfelld úrkoma verður austanlands til morguns. Neðan 200 m er hiti +1 til +2°C og nokkuð stöðugur. Áraun slydduísingar verður við þessi skilyrði frá því upp úr hádegi og einkum í kvöld, í nótt og í fyrramálið á línur austanlands. Einkum er horft til Vopnafjarðarlínu um Úthérað og Teigarhornslínu fyrir minni Þórudals rétt sunnan við Hryggstekk. En einnig línur á Austfjörðum á láglandi, þó svo að vindátt þar sé víðast hagstæðari.

**Nánar um veðurútlitið**

Það eru skil nánast kyrrstæð yfir miðju landinu. Úrkoma í Austfjarðafjöllin verður þetta 30-50 mm til morguns. Gerist í A-átt þar sem vindur í hæð er þó ekki nema 12-17 m/s. Hitastigið verður stöðugt og um 1,0°C í um 100 m hæð. Það er þar sem áraun ísingar verður helst og einkum þar sem vindátt er þvert á stefnu línu. Þekktir staðir eru Þórudalur rétt sunnan við Hryggstekk. Þó mesta úrkoman verði áveðurs á Austfjörðum er "opið" þarna í gegn. Eins með Vopnafjarðarlínu þar sem hún byrjar að hækka upp á Hellisheiði. Samfelld áraun frá því nú, en fer vaxandi þegar líður á daginn. Engar breytingar í raun að sjá fyrr en eftir hádegi á morgun. Reyndar snýst vindur lítið eitt út í NA snemma í fyrramálið.

**Veðurviðvörðun**

Á Austfjörðum og Héraði er hætt er við áraun slydduísingar á línur nú þegar saman fer slydda á láglandi og óhagstæð vindátt. Helst að mestu óbreytt þar til um hádegi á morgun.

